

Alþingi
Erindi nr. P 141/811
komudagur 3.12.2012



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Ministry of Education, Science and Culture

Sölvhólgata 4 · IS-150 Reykjavík, Iceland

tel.: +(354) 545 9500 · fax: +(354) 562 3068

postur@mrn.stjr.is

ministryofeducation.is

Nefndarsvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. desember 2012

Tilv.: MMR12110442/0.4.3-

Hjálagt sendist umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis um tillögu til þingsályktunar um varðveislu og viðhald gamalla skipa og báta, 392. mál.

Fyrir hönd ráðherra


Ásta Magnúsdóttir


Guðný Helgadóttir

Tillaga til þingsályktunar um varðveislu og viðhald gamalla skipa og báta (þingskjal 468 - 392. mál)

Umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis

Í tilefni ofangreindrar tillögu til þingsályktunar telur mennta- og menningarmálaráðuneyti rétt að benda á, að 1. janúar 2013 taka gildi lög um menningarminjar, nr. 80/2012.

Í þeim lögum eru menningarminjar m.a. skilgreindar með eftirfarandi hætti (2. mgr. 1. gr.):

„Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, iistmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar.“

- Í 1. mgr. 3. gr. kemur fram að fornminjar eru „*annars vegar forngríp og hins vegar fornleifar*“, og í 2. mgr. sömu greinar segir: „*Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa.*“

Lögin kveða m.a. á um með hvaða hætti skulu veittir styrkir til varðveislu og viðhald menningarminja, og í 42. gr. er greint frá hlutverki svonefnds fornminjasjóðs, en þar segir: „*Fornminjasjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum. Sjóðurinn veitir styrki til rannsókna á fornminjum, þar á meðal til fornleifaskráningar, miðlunar upplýsinga um þær og til varðveislu og viðhalds á fornminjum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundveili aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja.*“

Þannig er með þessum lögum í fyrsta sinn kveðið á um stöðu skipa og báta sem menningarminja, og jafnframt eru settir í faglegan farveg möguleikar til að veita styrki til viðhalds þeirra og varðveisla á grundvelli þeirrar stöðu. Það er ljóst að verulegt fé þarf til að hægt verði að sinna þessu verkefni með verðugum hætti, og að mikil þörf er á auknum framlögum til þess. Eðlilegt væri að efla fornminjasjóð verulega frá því sem nú er til að hann geti sinn þessu hlutverki sem best. Með viðeigandi ákvæðum í úthlutunarreglum sjóðsins mætti tryggja að varðveisla og viðhald skipa og báta njóti styrkja úr sjóðnum í samræmi við mikilvægi þeirra minja, sem þar um ræðir, einkum ef mögulegt reynist að efla sjóðinn í þeim tilgangi.

Loks telur ráðuneytið rétt að minna á að í 7. gr. laganna kemur fram með hvaða hætti yfirstjórn og framkvæmd málaflokksins skal háttað: „*Ráðherra fer með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Minjastofnun Íslands, sem er sérstök ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd hennar. Fornminjanefnd og húsafriðunarnefnd eru Minjastofnun Íslands til ráðgjafar. Minjastofnun Íslands gerir tillögu til ráðherra um heildarstefnu og iangtímaáætlun um verndun og varðveisiu menningarminja í samráði við höfuðsöfn sem skilgreind eru samkvæmt safnalögum, svo og önnur helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja.*“

- Samkvæmt 5. gr. forsetaúrskurðar nr. 100/2012 (frá 30. ágúst 2012) um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands fer mennta- og menningarmálaráðuneyti með mál er varða menningarminjar.

3. desember 2012

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu nr. 392 um varðveislu og viðhald gamalla skipa og báta.

Safnaráð þakkar bréf atvinnuveganefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu nr. um þingsályktunartillögu nr. 392 um varðveislu og viðhald gamalla skipa og báta.

Safnaráð fagnar því að fjárveitingar til viðhalds og varðveislu gamalla skipa verði skoðaðar í nefnd. Safnaráð bendir þó að að samkvæmt lögum um menningarminjar frá 18. júní 2012 sem gildi taka um næstu áramót munu bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa og hægt verður að sækja um styrki til viðhalds þeirra í fornminjasjóð sbr. 42 gr. laganna. Þá verður og sett á fót sérstök stofnun sem fer með málaflokkinn; Minjastofnun Íslands. Eðlilegt er að fulltrúar þeirrar stofnunar eigi sæti í nefndinni.

Safnaráð bendir á að í nýjum safnalögum nr. 141/2011 sem taka gildi um næstu áramót er fjallað um viðurkennd söfn og ábyrgðarsöfn en ekki um hérðassöfn en það heiti er notað í þingsályktunartillögunni.

Með vinsemd og virðingu, fyrir hönd safnaráðs

Ágústa Kristófersdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 141/819
komudagur 30.11.2012

30.11.2012

Til nefndasviðs Alþingis.

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu nr. 392 um varðveislu og viðhald gamalla skipa og báta.

Atvinnuveganefndar Alþingis hefur í bréfi dags. 21. nóvember óskað eftir umsögn Þjóðminjasafns Íslands um þingsályktunartillögu nr. 392 um varðveislu og viðhald gamalla skipa og báta.

Þjóðminjasafn Íslands telur mikilvægt að fjárveitingar til viðhalds og varðveislu gamalla skipa og báta verði skoðaðar í nefnd enda þar um að ræða mikilvægar menningarminjar sem ber að huga að varðveislu að með markvissum hætti.

Þjóðminjasafn Íslands tekur undir ábendingar safnaráðs um að samkvæmt lögum um menningarminjar frá 18. júní 2012 sem gildi taka um næstu áramót munu bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa og hægt verður að sækja um styrki til viðhalds þeirra í fornminjasjóð sbr. 42 gr. laganna. Þjóðminjasafn Íslands bendir enn fremur á að í nýjum safnalögum nr. 141/2011 sem einnig taka gildi um næstu áramót er fjallað um viðurkennd söfn og ábyrgðarsöfn en ekki héraðssöfn.

Virðingarfyllt,

Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður

Margrét Hallgrímsdóttir, Þjóðminjavörður / General Director Þjóðminjasafn Íslands / National Museum of Iceland, Suðurgata 41, 101 Reykjavík.
sími 5302200 / Tel 5302200 <http://www.thjodminjasafn.is>

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á.

Sjá nánar: <http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>